

HRYÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2024

FEBRÚAR 2024



GRD

Greiningardeild
ríkislögreglustjóra

HRÝÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2024	9
HRÝÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI – HÆTTUSTIG	11
HRÝÐJUVERKAÓGN – AÐILD AÐ, HVATNING TIL EÐA STUÐNINGUR VIÐ HRÝÐJUVERKASTARFSEMI	17
ÞÆTTIR SEM FALLNIR ERU TIL AÐ DRAGA ÚR HRÝÐJUVERKAÓGN	20
HUGSANLEG FRAMTÍÐARÞRÓUN	22
UMRÆÐA	25
LOKAORÐ	28



HRÝÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2024

Greiningardeild ríkislögreglustjóra, GRÐ, vinnur stefnumiðaðar greiningar varðandi hryðjuverkaógn á Íslandi.

Hin strategíska hryðjuverkaógn sem GRÐ metur er samansett úr tveimur meginþáttum, annars vegar beinni ógn þ.e. framkvæmd hryðjuverks eða hótun um að fremja hryðjuverk; þar undir fellur undirbúningur og skipulagning hryðjuverka. Hins vegar er það óbein ógn þ.e. aðild að, hvatning til eða stuðningur við hryðjuverkastarfsemi; þar undir fellur öflun liðsmanna, innræting ofbeldisfullrar öfgahyggju og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Beinar hryðjuverkaárásir, undirbúningur þeirra og skiplagning vega þyngst í mati GRÐ á hryðjuverkaógninni á Íslandi. Geta öfgamanna eða -hópa til að styðja hryðjuverkastarfsemi með öflun liðsmanna, dreifingu áróðurs, innrætingu og fjármögnun hryðjuverka svo sem með peningasendingum til skilgreindra hryðjuverkasamtaka hafa hins vegar áhrif á langtímaþróun hryðjuverkaógnar á Íslandi.

Eru þessir matsþættir GRÐ í samræmi við almenn hegningarlög nr. 19/1940 en þar segir svo um hryðjuverk í 100. gr. a:

„Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmalalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar.

1. manndráp skv. 211. gr.,

2. líkamsárás skv. 218. gr.,

3. frelsissviptingu skv. 226. gr.,

4. raskar umferðaröryggi skv. 1. mgr. 168. gr., truflar rekstur almennra samgöngutækja o.fl. skv. 1. mgr. 176. gr. eða veldur stórfelldum eignaspjöllum skv. 2. mgr. 257. gr. og þessi brot eru framin á þann hátt að mannslífum sé stefnt í hættu eða valdið miklu fjárhagslegu tjóni,

5. flugrán skv. 2. mgr. 165. gr. eða veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð skv. 3. mgr. 165. gr.,

6. brennu skv. 2. mgr. 164. gr., veldur sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða óföllum annarra slíkra farar- eða flutningatækja skv. 1. mgr. 165. gr., veldur almennum skorti á drykkjarvatni eða setur skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur skv. 1. mgr. 170. gr. eða lætur eitruð eða önnur hættuleg efni í muni, sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar, skv. 1. mgr. 171. gr.”

Jafnframt segir:

„Sömu refsingu skal sá sæta sem í sama tilgangi hótar að fremja þau brot sem talin eru í 1. mgr.”

Um fjármögnun hryðjuverka segir í 100. gr. b-lið:

„Hver sem beint eða óbeint styður mann, félag eða hóp, sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a, með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagni eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt skal sæta fangelsi allt að 10 árum.”

Loks er í lögnum fjallað sérstaklega um hvatningu og stuðning við hryðjuverk í 100. gr. c:

„Hver sem með liðsinni í orði eða verki, fortöllum, hvatningum eða á annan hátt styður refsiverða starfsemi eða sameiginlegt markmið félags eða hóps, sem framið hefur eitt eða fleiri brot gegn 100. gr. a eða 100. gr. b, og starfsemin eða markmiðin fela í sér að eitt eða fleiri slík brot séu framin, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.”

HRÝÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI – HÆTTUSTIG

Síðbreytilegt öryggisumhverfi krefst þess að lögregla haldi jafnan vöku sinni gagnvart mögulegum aðgerðum einstaklinga, hópa, samtaka eða þjóðríkja er kunna að skaða stjórnskipun eða stjórnmalalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður samfélagsins.

Mat á hættustigi vegna hryðjuverka á Íslandi er til þess fallið að bera kennsl á áhættu og veikleika vegna ógna og um leið er á grundvelli þess unnt að ákvarða hvaða ráðstafanir kunni að vera nauðsynlegar til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum stórfelldra ofbeldis- eða skemmdarverka á Íslandi. Jafnframt er tilgangurinn sá að tryggja sameiginlegan skilning á þeirri hryðjuverkaógn sem beinist gegn Íslandi.

Í kjölfar endurskoðunar embættis ríkislögreglustjóra á hættustigum vegna hryðjuverkaógnar sem hófst í nóvember 2018 breytti GRD skilgreiningum á hættustigum vegna hryðjuverka árið 2022. Var það gert í því skyni að skýra betur hvert hættustig en einnig til að samræma nálgun Íslands við aðferðarfræði Norðurlandanna við gerð áhættumats vegna hryðjuverka og stuðla þannig að betri samanburðarhæfni á ríkjandi hryðjuverkaógn á Norðurlöndum. Þessar breytingar eru einnig í samræmi við niðurstöður Evrópulögreglunnar í TE-SAT skýrslum liðinna ára um mikilvægi samræmdra skilgreininga og fjallað var um sérstaklega í skýrslu GRD frá febrúar 2022.

HÆTTUSTIG VEGNA HRYÐJUVERKAÓGNAR Á ÍSLANDI ERU FLOKKUÐ Á EFTIRFARANDI HÁTT

FYRSTA STIG	<i>Lágmarks ógn, engar vísbendingar eru um hryðjuverkaógn og engar upplýsingar um hvorki ásetning né getu til að fremja hryðjuverk.</i>
ANNAÐ STIG	<i>Takmörkuð ógn, hugsanlega er ógn til staðar, takmörkuð geta eða ásetningur.</i>
ÞRIÐJA STIG	<i>Aukin ógn, til staðar er ásetningur og/eða geta og hugsanleg skipulagning hryðjuverka.</i>
FJÓRÐA STIG	<i>Alvarleg ógn, til staðar er þekkt ógn. Vitað er um ásetning, getu og skipulagningu.</i>
FIMMTA STIG	<i>Mjög alvarleg ógn, tiltekin ógn er til staðar. Vitað er um ásetning, getu og skipulagningu og hugsanlega er hryðjuverkaárás yfirvofandi.</i>
NÚVERANDI STAÐA	Núverandi hættustig vegna hryðjuverkaógnar er í þriðja þrepi af fimm og er metið sem „ <i>aukin ógn</i> “.

HRÝÐJUVERKAÓGN FRAMKVÆMD

HRÝÐJUVERKA – HÓTUN

HELSTU FORSENDUR FYRIR MATI Á ÓGN ERU EFTIRFARANDI:

- Fyrsta rannsókn og ákæra vegna tilraunar til hryðjuverka á Íslandi hefur litið dagsins ljós. Lögreglan lagði hald á fjölda skotvopna og skotfæra, þrívíddarprentuð vopn og mikið magn hryðjuverkatengds efnis s.s. myndbönd, áróður, leiðbeiningabæklinga og skrif þekktra hryðjuverkamanna
 - Í janúar 2024 var einstaklingi, sem skv. upplýsingum erlendra samstarfsaðila GRD var meðlimur í alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum, vísað úr landi
 - GRD sér merki *sambættrar öfgahyggju* á Íslandi. Hugtakinu sambættri öfgahyggju er ætlað að ná yfir ensku hugtökin „salad bar extremism“ og „hybrid ideology“
 - Lítil hópur er aðhyllist öfgafulla hugmyndafræði er virkur á Íslandi
 - GRD býr yfir upplýsingum um einstaklinga héraðs sem aðhyllast ofbeldis- og öfgafulla hugmyndafræði
 - Aukning á hryðjuverkatengdu efni sem aðgengilegt er á netinu þ.m.t. samfélagsmiðlum
 - Hugsanlegt er að hér á landi séu einstaklingar sem aðhyllast ofbeldis- og öfgafulla hugmyndafræði og þróa með sér getu og ásetning til að fremja hryðjuverk
-

-
- Á hverju ári berast GRD tugir tilkynninga um alvarlegar hótanir gegn ráðamönnum og stofnunum
-
- Á undanförunum árum hefur GRD fengið upplýsingar frá erlendum samstarfsaðilum um einstaklinga sem tengjast alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum og hafa sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi
-
- Hryðjuverkaógn hefur aukist í nágrannaríkjum
-
- Opinberar áskoranir alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka um að hrinda í framkvæmd árásum á Vesturlöndum
-
- Stríðsátök í upprunaríkjum flóttamanna – virk hryðjuverkasamtök á átakasvæðum
-
- Aukin spenna í alþjóðasamskiptum
-

Við mat á áhættu þarf að horfa til veikleika, s.s. vegna útsetningar áhættu, áhættuvitundar, lagaumgjarðar og eftirlits. Veikleikar Íslands til þess að takast á við hryðjuverkaógn lúta m.a. að heimildum til þess að afla og miðla upplýsingum og gögnum þ.e. beiting fyrirbyggjandi aðgerða í þágu löggæslu.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra, GRD, hefur jafnan lagt á það áherslu í skýrslum sínum um hryðjuverkaógnina að forðast beri að hrapa að ályktunum um mögulega ógn af völdum hópa og sökum trúarofstækis og bent á að slík ógn kunni ekki síður að stafa af einstaklingum, innlendum sem erlendum, og þurfi ekki að vera bundin við trúarbrögð.

Ljóst er að hryðjuverkaógnin einskorðast ekki við þjóðerni og tilteknir þjóðfélagshópar verða ekki gerðir ábyrgir fyrir gjörðum einstaklinga sem tilheyra þeim. Skotmörk og aðferðir hryðjuverkamanna taka breytingum og starfsemi þeirra virðir ekki landamæri. Í því samhengi verður alþjóðlegt samstarf æ mikilvægara í baráttunni gegn hryðjuverkaógninni sem ekkert vestrænt ríki getur talist algjörlega óhult fyrir.

Ógn vegna hugsanlegra hryðjuverkaárása á Íslandi árið 2024 stafar, að mati GRD, fyrst og fremst frá einstaklingum sem fyrir sakir þess að aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju og bera hatur til samfélagsins eru reiðubúnir að fremja hryðjuverk.

Á Vesturlöndum telja sérfræðingar lögreglu einstaklinga sem aðhyllast ofbeldisfulla hægriöfgahyggju eða ofbeldisfullan íslamisma skapa mesta ógn.

Á undanförnum árum hefur hryðjuverkaógn frá einstaklingum sem aðhyllast ofbeldisfulla hægri öfgahyggju aukist smám saman í hinum vestræna heimi.

Komi til þess að framið verði hryðjuverk á Íslandi er líklegast að heimatilbúnum og einföldum vopnum verði beitt. Undir heimatilbúin vopn falla þrívíddarprentuð vopn, rörasprengjur, afsagaðar haglabyssur o.fl. Undir einföld vopn falla rifflar, skammbyssur, hnífar, axir og ökutæki. Ljóst er að heimatilbúin vopn og einföld vopn á borð við farartæki gætu hæglega verið tiltæk þeim sem ráðgerðu hryðjuverk á Íslandi. Í slíku tilfelli er líklegast að um væri að ræða einn eða tvo gerendur. Afar ósennilegt er hins vegar talið að hryðjuverkahópar fremji hryðjuverk á Íslandi við núverandi aðstæður.

Á undanförnum árum hafa heimatilbúin þrívíddarprentuð vopn uppgötvast í rannsóknnum sem tengjast hryðjuverkastarfsemi innan Evrópu. Miðað við hefðbundin vopn eru þrívíddarprentuð vopn ódýr og auðveld í framleiðslu, erfitt er að rekja þau til ákveðinna einstaklinga eða söluaðila, þau greinast illa í málmeitartækjum og auðvelt er að eyða þeim.

Í takti við aukna útbreiðslu handbóka um gerð slíkra vopna og miðað við tækniþróun á þessu sviði er líklegt að þekking og geta í kringum framleiðslu á þrívíddarprentuðum skotvopnum verði sífellt aðgengilegri þeim er aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju og telja erlendar öryggisstofnanir möguleika á að slík vopn verði nýtt til ofbeldisverka innan Evrópu í framtíðinni.

Möguleikar lögreglunnar eru takmarkaðir til að bregðast með fullnægjandi hætti við upplýsingum um komu manna til landsins sem grunur er á eða staðfest er að tengist hryðjuverkasamtökum. Sama gildir um möguleika til þess að lögreglan á Íslandi geti brugðist við vísbendingum um að hópar eða einstaklingar aðhyllist öfgafulla hugmyndafræði.

Á undanförnum áratug hafa komið upp nokkur tilvik þar sem upplýsingar berast lögreglu um einstaklinga sem hafa haft viðdvöl eða dveljast hér á landi og eru grunaðir um tengsl við alþjóðleg hryðjuverkasamtök.



HRÝÐJUVERKAÓGN AÐILD AÐ, HVATNING TIL EÐA STUÐNINGUR VIÐ HRYÐJUVERKASTARFSEMI

Öryggisþjónustur lögreglu á Vesturlöndum hafa um langa hríð flokkað hryðju-verkaógn eftir öfgasamtökum og einstaklingum er aðhyllast fastmótaða trúarlega, hugmyndafræðilega eða pólitíska öfgahyggju. Á síðustu árum hafa samfélagsbreytingar og ör tækniþróun skorað á hólmi þessa viðteknu flokkun og skapað frjóan jarðveg fyrir öfgasinnaða einstaklinga að tvinna saman eigin hugmyndaheim um óvini samfélagsins og þekktar tegundir öfgahyggju og móta með þeim hætti nýja og einstaklingsbundna öfgahyggju sem fylgir hvorki gildum né viðmiðum skipulagðs samfélags eða hóps.

Einstaklingsbundin öfgahyggja sem t.d. tengir samsæriskenningar og ofbeldisdýrkun saman við trúarlega eða hugmyndafræðilega öfgastefnu og kann einnig að mótast af sértækum persónulegum þáttum s.s. áföllum, jaðarsetningu eða hatri á ákveðnum minnihlutahópum er því ákveðið ferli sem verður hér eftir nefnt *sambætt öfgahyggja*, erlendis hefur þetta verið nefnt „salad bar extremism“ og „hybrid ideology“.

Fjölgun hefur orðið á stafrænum sýndartorgum á internetinu sem á ensku nefnast „virtual platforms“. Hugtakið sýndartorg nær hér yfir hugbúnað svo sem Zoom, Webex, Google Meet, Lifesize og Jami þar sem hægt er að eiga dulkóðað spjall, texta- og skjádeilingu en einnig spjallsvæði á samfélagsmiðlum (Discord, Telegram, Facebook, Instagram o.s.frv.) þar sem ýmiss konar öfga-hyggja er megininntak skoðanaskipta. Markmiðið með uppsetningu og rekstri slíkra sýndarvettvanga getur einnig beinlínis verið innræting öfgahyggju og er það í samræmi við umfjöllun GRÐ í skýrslu um hryðjuverkaógn sem birt var í febrúarmánuði 2022.

Stór hluti virkra notenda á sýndartorgum og spjallsvæðum öfgasinna eru ungir karlmenn. Þróunin er á þann veg að æ fleiri ungir öfgasinnar kjósa fremur sýndarvettang og einstaklingsbundna sjálfsinnrætingu sem getur leitt til *sambættrar öfgahyggju* fremur en að gerast félagar í þekktum hryðjuverka-samtökum og gangast undir fastmótaða öfgafulla hugmyndafræði þeirra.

Á sýndartorgum og spjallsvæðum öfgasinna fer fram innræting á ofbeldisfullum viðhorfum og hatri, ásamt hvatningu til ofbeldisverka. Þátttaka ungra karlmanna á slíkum spjallsvæðum virðist í dag talsvert algengari en áður þekktist.

GRD býr yfir upplýsingum um íslenska aðila sem eru meðlimir í lokuðum hópum á samfélagsmiðlum þar sem hryðjuverkatengdu efni er miðlað.

Öryggisþjónustur á Vesturlöndum telja að hugmyndafræði hægri öfga sé vaxandi ógn. Sú hugmyndafræði sem hægri öfgasinnar aðhyllast sé síbreytileg og úr ýmsum áttum sem geri að verkum að erfitt sé að njörva niður fastmótuð hugtök sem lýsi hugmyndaheimi hægri öfgasinna.

Í TE-SAT skýrslu Europol sem gefin var út árið 2022 kom fram að hugmyndafræði sú sem kennd er við SIEGE og Accelerationism væri áberandi meðal hægri öfgasinna árið 2021. Þessi hugmyndafræði gengur út á niðurbrot samfélagsins með ofbeldi og þar með talið hryðjuverkum, að koma á kynþáttastríði með niðurrifi félagslegra- og pólitískra kerfa.

GRD sér merki *sambættrar öfgahyggju* á Íslandi. Lögregla hefur í rannsókn-um sínum hér á landi t.d. haldlagt efni sem fellur undir hugmyndafræði SIEGE og Accelerationism.

Erlendar öryggisþjónustur telja að hryðjuverkasamtök hafi enn tök á að fjármagna starfsemi sína með því að sniðganga eftirlitsaðila og leyna fjármagnsflutningum milli landa á ýmsan máta.

Í skýrslu GRD um peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka 2023 kemur fram að þekktar aðferðir við fjármögnun hryðjuverka séu t.d. „lág fjárframlög frá einkaaðilum eða fyrirtækjum til hryðjuverkastarfsemi, misnotkun á félögum sem ekki hafa fjárhagslegan tilgang, sem t.d. senda fjármuni á svæði sem eru áhættusöm m.t.t. hryðjuverka.

Þá er þekkt að við flutning fjármuna sem notaðir eru við fjármögnun hryðjuverka [séu] notaðar aðferðir eins og millifærslur af bankareikningum, peningasendingar og flutningur reiðufjár milli svæða eða landa.”

ÁHÆTTA AF FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA ER METIN ÚT FRÁ FJÓRUM MATSPÁTTUM Í SKÝRSLU GRD, ÞEIR ERU

- | | |
|----------|--|
| A | flutningur reiðufjár yfir landamæri |
| B | flutningur fjármuna til og frá Íslandi í gegnum fjármálakerfið |
| C | flutningur fjármuna til og frá Íslandi með peningasendingum |
| D | og starfsemi almannaheillafélaga yfir landamæri. |

Í skýrslu GRD um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka 2023 er greind áhætta fyrir fyrstu þrjá matþættina er metin miðlungs en lítil fyrir þann síðasta.

ÞÆTTIR SEM FALLNIR ERU TIL AÐ DRAGA ÚR HRYÐJUVERKAÓGN

HÉR Á EFTIR ERU NEFNDIR HELSTU ÞÆTTIR SEM TELJAST DRAGA ÚR HRYÐJUVERKAÓGN BÆÐI BEINNI OG ÓBEINNI

- Engar vísbendingar eru um að hryðjuverkahópar séu starfandi á Íslandi.
- Engar vísbendingar eru um að íslenskir hryðjuverkahópar séu starfræktir erlendis.
- Engar staðfestar upplýsingar eru um að samfélag öfgafullra trúarhópa hafi myndast á Íslandi.
- Engin sjáanleg merki eru um að leiðtogar eða áhrifavaldar stundi eða skipuleggi innrætingu öfgafullrar hugmyndafræði eða hvetji til hryðjuverka á Íslandi.
- Engar vísbendingar eru um ferðalög vígamanna (e. *foreign fighters*) frá Íslandi.
- Ísland er ekki talið vera skotmark hryðjuverkasamtaka á borð við Ríki íslams (ISIS) og Al-Kaída eða ofbeldisfullra öfgahópa sem styðja málstað þeirra.
- Fjöldi móttækinna og sendra beiðna á grundvelli alþjóðasamstarfs um upplýsingamiðlun vegna fjármögnunar hryðjuverka er mjög lítill.
- Hlutfall tilkynninga til Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu vegna grunsamlegra viðskipta er tengjast fjármögnun hryðjuverka er afar lágt.

-
- Sterk lagaumgjörð varðandi peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
-
- Aðild Íslands að Evrópulögreglunni og Evrópsku réttaraðstoðinni, Europol og Eurojust, hefur styrkt íslensku lögregluna verulega í baráttunni gegn hryðjuverkaógninni.
-
- Evrópusambandið og Bretland hafa styrkt lagaumgjörð sína varðandi stafrænt öryggi og þjónustu þar sem t.d. eru tilteknar skyldur lagðar á þjónusturekendur stafrænna netvanga til að berjast gegn hryðjuverka-
tengdu efni, hatursorðræðu og upplýsingaóreiðu.
-
- Líkt og komið hefur fram í skýrslum GRD varðandi hryðjuverkaógn undanfarin ár þá er brýnt að efla og skýra lagaheimildir lögreglu til að takast á við þessa alþjóðlegu ógn og samræma við heimildir norrænna lögregluliða.

HUGSANLEG FRAMTÍÐARÞRÓUN

Í reglugerð 404/2007 er greiningardeild ríkislögreglustjóra falið að vinna stefnumiðaða greiningu varðandi ógn af hryðjuverkum til lengri tíma á víðtækum grunni sem tekur mið af þróun mála hérlandis og erlendis og segir til um líklega framtíðarþróun.

Í þessum kafla verða ræddir stuttlega nokkrir undirliggjandi áhættuþættir eða drifkraftar sem að mati GRD geta haft áhrif á ógnarmynd vegna hryðjuverka innan Evrópu og á Íslandi ef lítið er til næstu tveggja ára.

Líkt og fram kom í skýrslu GRD árið 2022 er einn helsti áhættuþáttur sammerktur aukinni hryðjuverkaógn í ríkjum heims sá að hópar innan samfélagsins séu beittir eða telji sig beitta alvarlegu misrétti. Auk þess eru samfélagslegir þættir á borð við jaðarsetningu eða mismunun ákveðinna hópa tengdir við aukna hryðjuverkaógn í þróuðum ríkjum.

DRIFKRAFTAR

Þeir undirliggjandi drifkraftar sem GRD lítur til í þessari skýrslu þegar reynt er að segja fyrir um mögulega framtíðarþróun hryðjuverkaógnar eru *lýðskrum* sem í daglegu tali nefnist popúlismi, *upplýsingaóreiða og öfgahyggja*. Þessir drifkraftar eru hver um sig flóknir og marghliða. En þrátt fyrir að vera sérstakir í eðli sínu eiga þeir það sameiginlegt að hafa vaxið til muna með tilkomu internetsins, samfélagsmiðla og nú síðast risavaxinna gervigreindarknúinna tungumálalíkana og mynda á þann veg samtengda öryggisógn.

LÝÐSKRUM

Í stuttu máli er lýðskrum fólgið í því að bjóða einfaldar og yfirborðskenndar lausnir á flóknum samfélagsvanda. Lýðskrum er því ekki ákveðin hugmyndafræði og er það að finna á öllu hinu pólitíska litrófi í mismiklum mæli. Lýðskrum-arar notfæra sér óánægju almennings og ótta við breytingar sem t.d. felast í alþjóðavæðingu og kynda einnig undir vantraust til alþjóðastofnana

og -samvinnu. Hættulegast er lýðskrumið þegar hatursfullum og ógnandi málflutningi er beitt til að vekja upp sterkar tilfinningar meðal almennings gegn ákveðnum minnihlutahópum, má þar nefna innflytjendur og hinsegin fólk. Slík orðræða ýtir undir sundrung og ótta milli hópa og skapar andrúmsloft haturs. Með öðrum orðum; lýðskrum eykur líkurnar á samfélagslegri skautun og hnignun lýðræðis.

UPPLÝSINGAÓREIÐA

Þegar talað er um upplýsingaóreiðu (e. *information disorder*) er átt við þrjá flokka af upplýsingum; a) rangupplýsingar (e. *disinformation*) sem eru rangar eða ósannar upplýsingar sem dreift er með þeim ásetningi að valda skaða, b) misupplýsingar (e. *misinformation*) þar undir flokkast rangar eða ósannar upplýsingar sem dreift er án ásetnings um að valda skaða og í þriðja og síðasta lagi c) meinupplýsingar (e. *malinformation*) sem eru réttar eða sannar upplýsingar sem dreift er með þeim ásetningi að valda skaða.

Með svipuðum hætti og lýðskrumið getur upplýsingaóreiða haft neikvæð og villandi áhrif á lýðræðislega umræðu og ýtt undir skautun í samfélaginu. Norræna hugveitan um tækni og lýðræði bendir á í tilmælum sínum til stjórnvalda á Norðurlöndum að eftirlit með efni á nýjum miðlum sé lítið sem ekkert á minni málsvæðum, svo sem á Norðurlöndunum, og telur hugveitan brýnt að bregða ljósi á þessar áskoranir, sérstaklega þær sem snúa að viðkvæmum hópum á borð við börn og ungmenni.“

Sjálfvirk tölvuforrit, botnet (e. *bots*), framkvæma einföld og endurtekin verkefni eins og síendurtekna dreifingu efnis t.d. rangupplýsinga. Þau dreifa færslum og endurbirta á samfélagsmiðlum á borð við X, birta athugasemdir í athugasemdakerfi samfélagsmiðla og senda og svara skilaboðum í samskiptaforritum. Komið hefur í ljós að sjálfvirk tölvuforrit liggja að baki fjölda falskra notendareikninga á samfélagsmiðlum, sem m.a. eru nýttir til að kynda undir hatursfullum umræðum í athugasemdakerfum netmiðla.

Erlendar leynipjónustustofnanir telja líklegt að andstæðingar vestrænna lýðræðisríkja muni á árinu 2024 halda áfram að stuðla að upplýsingaóreiðu með því að dreifa mis- og rangupplýsingum sem miða að því að grafa undan trausti almennings á ríkisstofnunum, félagslegri samheldni vestrænna ríkja og lýðræðislegum ferlum. Gott aðgengi og auðveld notkun/hagnýting á nýjum og öflugum tungumála- og gervigreindarforritum er fallin til að auka getu þessara aðila til hrinda í framkvæmd trúverðugum áróðurs- og falsfréttaherferðum og framleiða á ódýran hátt sannfærandi texta-, mynd- og hljóðtengt efni t.d. svokallaðar djúpfalsanir með enn meiri gæðum.

ÖFGAHYGGJA

Auknar áhyggjur eru af ofbeldisfullri öfgahyggju víða um heim og talin er stafa vaxandi hryðjuverkaógn af þeim sem hana aðhyllast. Sérstakar áhyggjur eru af innrætingu slíkrar öfgahyggju hjá ungu fólki á netinu svo sem á samfélagsmiðlum og á spjallborðum tölvuleikja þar sem öfgasinnar leitast við að ná til yngri aldurshópa.

Líkt og GRD hefur áður fjallað um í skýrslum sínum eru samfélagsmiðlar á borð við Facebook, YouTube, Instagram, Snapchat, TikTok og X löngu orðnir órjúfanlegur hluti af vestrænu samfélagi sem nýtir þá sem uppsprettu fréttar og upplýsinga.

Reiknirit (tölvuforrit, algóritmi) samfélagsmiðlanna virka m.a. með þeim hætti að þær upplýsingar/fréttir sem birtast einstaklingum eru upplýsingar sem reikniritið fær út að viðkomandi vilji sjá hverju sinni. Uppgefnar persónuupplýsingar og/eða leitarorð sem slegin eru inn á leitarvélar t.d. Google eða Bing eða sambærilegar leitarvélar geta haft áhrif niðurstöður forritsins. Efni sem deilt er eða líkað við og sömuleiðis efni sem vinir á samfélagsmiðlum hafa áður deilt eða/og líkað við gefur reikniritinu enn frekari upplýsingar. Þær vefsíður sem viðkomandi hefur heimsótt og hversu löngum tíma hann ver á tiltekinni síðu hefur einnig áhrif á reikniritin.

Með öðrum orðum eru þær upplýsingar sem birtast einstaklingum á samfélagsmiðlum bein afleiðing hegðunar viðkomandi á netinu og gagnvirkni algóritmans við hana. Þessi staðreynd gerir að verkum að einstaklingar geta með einföldum hætti sogast inn í hringiðu ofbeldisfullrar hatursorðræðu og öfga og með þeim hætti geta samfélagsmiðlar og algóritmar þeirra haft neikvæð og skaðleg áhrif á lýðræði og lýðræðislega umræðu.

Einkennandi fyrir öfgahyggju er hatursorðræða sem tekur til hvers kyns tjáningar sem hvetur til eða réttlætir hatur, mismunun, jaðarsetningu eða ofbeldi gegn einstaklingum eða hópum vegna kynþáttar, þjóðernis, trúarbragða, kyns eða kynhneigðar.

UMRÆÐA

BEIN ÓGN

Árin 2018-2021 dró fjölþjóðleg barátta gegn alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum á borð við Ríki Íslams og Al Kaída úr getu þeirra til að fremja eða stýra hryðjuverkum á Vesturlöndum enda fækkaði hryðjuverkum þá ár hvert frá því sem mest var 2015 og 2016, líkt og ítarlega er rakið í skýrslu GRD frá árinu 2022.

Í kjölfar stríðsátaka í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs og vaxandi spennu sem einkennir nú mjög alþjóðasamskipti hefur þróunin snúist til verri vegar hin síðustu misseri og hefur ógn vegna hryðjuverka farið vaxandi á Vesturlöndum á nýjan leik.

Þá lýsa leiðtogar, háttsettir embættismenn og öryggisþjónustur á Vesturlöndum yfir áhyggjum af öryggismálum og segja hryðjuverkaógnina hafa vaxið á árinu 2023 og að hún hafi magnast enn vegna hryðjuverkaárásar Hamas-samtakanna á Ísrael þann 7. október 2023.

Stríð Ísraels gegn Hamas-samtökunum hefur haft neikvæð áhrif á hryðjuverkaógn innan Evrópu. Hamas-samtökin hafa kallað eftir því að bardagamenn komi til Palestínu til að berjast gegn Ísrael en hafa ekki hvatt til árása utan Ísraels og Palestínu með beinum hætti.

Á undanförunum mánuðum hafa hryðjuverkasamtök á borð við Hamas Ezzedeen al-Qassam hersveitirnar, al-Quds hersveitirnar, Heilagt stríð Palestínu og hin jemensku samtök Ansar Allah miðlað miklu magni af hryðjuverkatengdu efni á netmiðlum.

Ríki Íslams og Al Kaída hafa hvatt meðlimi sína til að fremja „einmennings hryðjuverk“ (e. *lone actor*) á Vesturlöndum. Innan Evrópusambandsins hafa þeir sem hvetja til ofbeldis í nafni heilags stríðs, Jihad, nýtt sér ástandið í áróðursskyni.

Stuðningsmenn Al Kaída hafa lýst yfir ábyrgð á fjölda sprengjuhótana sem hafa borist flugvöllum, skólum og lögreglu innan Evrópu. Öryggisþjónustur í nokkrum ríkjum Evrópu hafa hrundið af stað aðgerðum og framkvæmt

handtökur vegna gruns um undirbúning hryðjuverka. Málum sem tengjast hatusorðræðu gegn gyðingum hefur einnig fjölgað.

Tveir sænskir ríkisborgarar voru skotnir af íslömskum öfgamanni í Belgíu þann 16. október 2023. Talið er að skotárásin hafi verið hefnd fyrir Kóran-brennur sem hafa átt sér stað í Svíþjóð. Kóraninn hefur einnig verið brenndur opinberlega í Danmörku og Noregi sem hefur vakið mikla reiði í hinum múslimska heimi.

Stríðsátök og starfsemi hryðjuverkasamtaka á stríðshrjáðum svæðum með tilheyrandi hörmungum og fólksflótta geta leitt til þess að meðlimir hryðjuverkasamtaka eða aðilar sem tengjast hryðjuverkastarfsemi með einhverjum hætti, reyni að komast til Vesturlanda sem flóttamenn.

Stórviðburðir á þessu ári sem gætu vakið athygli þeirra sem vilja skaða evrópska hagsmuni eru meðal annarra sumarólympíuleikarnir 2024 í París í Frakklandi, og Evrópumót knattspyrnu í Þýskalandi sem hvoru tveggja eru afar sýnileg og táknræn skotmörk fyrir hryðjuverkamenn, þar á meðal þá sem hafa yfir að ráða nýrri tækni s.s. drónum og þrívíddarprentuðum vopnum.

ÓBEIN ÓGN

Eitt af skilgreiningaratriðum hryðjuverka er að með slíkum verknaði vilji gerendur þvinga stjórnvöld til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipan eða stjórnmalalegar undirstöður ríkis.

Með þá skilgreiningu til hliðsjónar er ljóst að hryðjuverkaógn hefur jafnan pólitíska vídd. Alkunna er að almennar kosningar fara fram víða um heim á þessu ári. Hefur árið 2024 m.a. verið nefnt mesta kosningaár sögunnar í fjölmörgum endaður verður kosið í 60 þjóðríkjum hið minnsta þar sem milljarðar manna munu eiga atkvæðisrétt.

Á sama tíma hefur dreifing og umfang falskra fréttar og samsæriskenninga af ýmsum toga aukist til muna og þróast í alþjóðlega ógn sem dregið hefur úr trausti almennings á lýðræðisfyrirkomulaginu. Áróðursherferðir skipulagðar af ríkjum óvinveittum Vesturlöndum beinast að málefnum sem ágreiningur ríkir um og áskorunum sem til þess eru fallnar að auka skautun innan lýðræðisríkja.

Framkvæmd og úrslit kosninga á þessu ári, þegar mörg af fjölmennustu ríkjum heims ganga til kosninga geta orðið öfgamönnum tilefni til ofbeldisverka. Í mörgum þessara ríkja eru dæmi um að ofbeldi í tengslum við kosningar hafi blossað upp á undanförunum árum. Má þar nefna í dæmaskyni óeirðir við þinghúsið í Washington 6. janúar 2021.

Því fer vitanlega fjarri að fyrrnefndar kosningar í ár muni kalla fram mikilvægar breytingar á stjórn og stefnu tiltekins ríkis eða ríkja og því síður má ætla að þær leiði óhjákvæmilega til niðurbrots lýðræðis, uppreisna eða ofbeldisverka. Á hinn bóginn munu niðurstöður þeirra samanlagt hafa mótandi áhrif á stóran hluta heimsins til næstu ára og gefa sterka vísbendingu um stöðu lýðræðis á alþjóðlegum vettvangi. Úrslit kosninganna eru mikilvæg sérstaklega í ljósi aukinnar samkeppni milli Vesturlanda og Kína, uppgangs öfgafullrar

þjóðernishyggju í Evrópu og áframhaldandi vopnaðra átaka í Mið-Austurlöndum og í Austur-Evrópu.

Hatursorðræða á netinu getur leitt til þess að tilteknir hópar í samfélaginu haldi sig til hlés í opinberri umræðu. Hatursorðræða hefur vaxið samhliða uppgangi populískra stjórnmálaflokka og aukinni skautun innan samfélaga Vesturlanda.

Stórstígar framfarir á sviði gervigreindar hafa aukið verulega á upplýsingaóreiðu meðan að stór samfélagsmiðlafyrirtæki hafa, í nafni málfrelsis, dregið úr verndarráðstöfunum sínum gegn falsfréttum og áróðri. Á síðustu misserum hafa samsæriskenningar og falsfréttir sprottið fram á miðlum á borð við Telegram, BitChute, Disqus, og Truth Social. Þessir miðlar auglýsa að þeir virði og tryggi tjáningarfrelsi einstaklinga og notendum sé frjálst að tjá sig um hvaðeina.

Í skjóli dulkóðunar, lítillar ritskoðunar og takmarkaðs eftirlits sumra samfélagsmiðla er unnt að miðla samsæriskenningum, hatursorðræðu og vísvitandi stuðla að upplýsingaóreiðu án þess að eiga á hættu afskipti yfirvalda.

Í Bandaríkjunum er hættan á hryðjuverkum talin mikil og ofbeldisfull öfgahyggja sem m.a. beinist gegn stjórnvöldum hefur vaxið til muna eftir hryðjuverkaárás Hamas-samtakanna á Ísrael. Þar hefur pólitísk skautun vaxið undanfarin ár og samkvæmt könnunum telur yfirgnæfandi meirihluti Bandaríkjamanna lýðræði eiga undir högg að sækja. Tæplega fjórðungur svarenda telur ofbeldi forsvaranlegt í því skyni að koma samfélaginu á réttan kjöl á ný.

Afríka er sú heimsálfa þar sem flestar kosningar fara fram á þessu ári. Almennigur mun ganga að kjörborðinu í 15 af 55 ríkjum álfunnar. Frá árinu 2020 hefur valdarán verið framið í níu ríkjum Afríku. Kannanir benda til þess að sá hluti almennings fari vaxandi sem kysi herstjórn fremur en lýðræði.

Innan Evrópu fara einnig fram mikilvægar kosningar á þessu ári svo sem til Evrópupingsins og í Bretlandi þar sem kosið verður til þings seinni hluta árs eða í síðasta lagi í janúarmánuði 2025. Úrslit kosninga til Evrópupingsins munu gefa vísbendingar um skautun innan Evrópu og hvort fylgisaukning flokka á jöðrum hins pólitíska litrófs haldi áfram.

Líklegt er að þróun á Íslandi á næstu árum verði í takti við tíðarandann á Vesturlöndum þ.e. að skautun, upplýsingaóreiða og hatursorðræða vaxi t.d. á lokuðum rásum samfélagsmiðla m.a. með beitingu gervigreindar.

Í þessu samhengi er vert að benda á að í aðdraganda síðustu alþingiskosninga hér á landi hefur óvægnum áróðursherferðum verið hrundið af stað og hafa sumar byggt á þáttum er flokkast undir upplýsingaóreiðu.

Telja verður líklegt að slíkum áróðursherferðum verði beitt í meira mæli fyrir komandi kosningar, nú þegar unnt er að spinna með gervigreind trúverðugar ljósmyndir, hljóðupptökur og myndskleið á skömmum tíma og með litlum tilkostnaði. Geta slíkar djúpfalsanir haft áhrif á úrslit kosninga og jafnvel orðið tilefni til mótmæla eða upppöta.

LOKAORÐ

Ógn vegna hugsanlegra hryðjuverkaárása á Íslandi árið 2024 stafar að mati GRD fyrst og fremst frá einstaklingum sem fyrir sakir þess að aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju og bera hatur til samfélagsins eru reiðubúnir að fremja hryðjuverk.

Fyrsta ákæra vegna brota á hryðjuverkaákvæði var gefin út árið 2022 og er um að ræða ætlaða tilraun til hryðjuverka. Engin staðfest mál hafa komið upp hérlandis sem tengjast fjármögnun hryðjuverka og hið sama gildir um stuðning við hryðjuverkastarfsemi.

Í janúar 2024 var einstaklingi, sem skv. upplýsingum erlendra samstarfsaðila GRD var meðlimur í alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum, vísað úr landi.

Möguleikar lögreglunnar eru takmarkaðir til að bregðast með fullnægjandi hætti við upplýsingum um komu manna til landsins sem grunur er á eða staðfest er að tengist hryðjuverkasamtökum. Sama gildir um möguleika til þess að lögreglan á Íslandi geti brugðist við vísbendingum um að hópar eða einstaklingar aðhyllist öfgafulla hugmyndafræði.

Á Vesturlöndum telja sérfræðingar lögreglu einstaklinga sem aðhyllast ofbeldisfulla hugmyndafræði eða ofbeldisfullan íslamisma skapa mesta ógn. Er það mat GRD að slíkt hið sama gildi á Íslandi.

Með tilkomu dulkóðaðra samskiptaforrita og rafmyntar er orðið ódýrara, einfaldara, hraðvirkara og öruggara fyrir öfgafulla einstaklinga eða hryðjuverkasamtök að ráða, innræta, þjálfa og eiga samskipti við liðsmenn sína og afla fjár í gegnum samfélagsmiðla og stafrænar greiðslur. Þessi ógn virðir ekki landamæri.

Samkvæmt rannsóknnum *V-Dem Institute* við Gautaborgarháskóla hefur lýðræðisríkjum fækkað og á lýðræðisskipan undir högg að sækja víða um heim. Skautun og hatursorðræða gegn minnihlutahópum vex á Vesturlöndum. Stafrænir miðlar hafa reynst gróðrarstía upplýsingaóreiðu, falsfrétta og hatursorðræðu sem eykur skautun samfélaga og ógnar samheldni þeirra.

Minnkandi traust almennings til lýðræðis og alþjóðlegra stofnana, aukin skautun innan vestrænna samfélaga og vaxandi spennan í alþjóðasamskiptum sem kristallast m.a. í stríðsátökum gerir að verkum að geta alþjóðasamfélagsins til að leysa brýn verkefni sem krefjast samvinnu svo sem loftslagsmál þverr.

Stríðsátök í Austur-Evrópu og Mið-Austurlöndum gætu til lengri tíma litið ógnað mjög öryggisumhverfi innan Evrópu og Schengen-ríkjanna og þar með Íslandi með tilliti til hryðjuverka. Til lengri tíma litið gæti aukið flæði ólöglegra vopna til Schengen-ríkja frá skipulögðum brotahópum sem tengjast stríðinu í Úkraínu haft neikvæð áhrif á ógnarmyndina á Íslandi.

Óhindruð þátttaka í stjórnmálaumræðum telst ein af forsendum lýðræðis. Í sumum vestrænum ríkjum sýnist nú vegið að þessum grunnstoðum lýðræðisskipulags og aukin skautun einkennir þar bæði almenna orðræðu sem og stefnumótun stjórnmálaflokka. Ýmiss konar samsæriskenningar og staðhæfingar um ólögmætar „valdaelítur“ virðast hafa skotið rótum og eru jafnvel viðteknar innan ákveðinna hópa. Slík „normalisering“ á því sem kalla mætti falskar og öfgafullar upplýsingar verður þess valdandi að inn í hefðbundna stjórnmálaumræðu tvinnast nú hatursfullur boðskapur í æ ríkari mæli.

Áhrif þessa á samfélagið eru fjölmörg og öll neikvæð. Sem dæmi má nefna hótanir í garð kjörinna fulltrúa, embættismanna, opinberra starfsmanna, leiðtoga innan atvinnulífsins, trúarhópa, minnihlutahópa o.fl. Sumar hótanir sækja innblástur sinn til skrifa þekktra öfgamanna og sýndarumhverfis stafrænna torga. Mikill meirihluti slíkra ofbeldishótana reynist orðin tóm en hitt er að þær geta haft óæskileg áhrif, ýtt undir öfgahyggju og jafnvel ofbeldi. Með þeim hætti geta hótanir og hatursumræða óbeint stuðlað að því að þeir einstaklingar sem hótad er verði fórnarlömb árása. Slík árás getur í ákveðnum tilvikum fallið undir skilgreiningu á hryðjuverki.

Umfang og eðli ofbeldishótana getur haft í för með sér *kælandi áhrif* á lýðræðisþátttöku svo sem í kosningum eða að einstaklingar forðast að taka þátt í opinberri umræðu af ótta við hótanir, eða áreiti gegn sér og sínum. Á heildina litið stuðlar haturs- og ofbeldisfull umræða að því að veikja stoðir lýðræðis.

